

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögregluglögum, nr. 90/1996 (verkfallsréttur lögreglumanna).

Flm.: Eyrún Eyþórsdóttir, Svandís Svavarsdóttir,  
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

1. gr.

31. gr. laganna ásamt fyrirsögn fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Félagafrelsi er verndað í 74. gr. stjórnarskrárinnar og fjölmörgum alþjóðasamningum sem Ísland á aðild að. Má þar nefna 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur var með lögum nr. 62/1994, og félagsmálasáttmála Evrópu sem fullgiltur var hér á landi 1976. Félagafrelsi lýtur ekki einungis að rétti til að stofna félög og eiga aðild að þeim, heldur einnig til að standa utan félaga. Jafnframt er frelsið talið ná að einhverju marki til athafnafrelsis félaga til að tryggja og standa vörð um hagsmuni félagsmanna sinna. Þrátt fyrir að félagafrelsið feli ekki í sér skilyrðislausan rétt til verkfalls, þá er hann eigi að síður talinn mikilvægur hluti sammingsfrelsis félaga sem nýtur verndar samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum. Því er ljóst að takmörkun slíks réttar skal byggð á lögumtæmum sjónarmiðum og nauðsyn í lýðræðisþjóðfélagi. Verkfallsréttur lögreglumanna var afnuminn með lögum nr. 82/1986 sem fólu í sér breytingar á þágildandi lögregluglögum (223. mál á 109. löggjafarþingi). Fram til þess tíma höfðu lögreglumenn rétt til verkfalls líkt og aðrar stéttir innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) með þeim fyrirvara að skylt var að halda uppi nauðsynlegri öryggisgæslu á meðan á verkfalli stóð, sbr. 26. gr. þágildandi laga um sammingsrétt BSRB, nr. 29/1976. Afnáam verkfallsréttar var hluti af samkomulagi milli Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra í júlí 1986. Kveðið var á um afnáam verkfallsréttar í bókun við samkomulagið, en í stað þess skyldu lögreglumenn fá svokallaða kauptryggingu ef ekki næðust samningar um kjör þeirra. Kauptryggingin átti að fela í sér sömu meðalhækkun launa og bandalög opinberra starfsmanna fengju á hverjum tíma. Þau félög sem miða átti við voru BSRB, Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Samband íslenskra bankamanna og Bandalag kennarafélaga. Skyldi útreikningurinn vera í höndum Hagstofu Íslands.

Allt frá því að samkomulagið tók gildi voru uppi ólík sjónarmið um framkvæmd þess milli lögreglumanna annars vegar og ríkisins hins vegar. Útreikningur kauptryggingar fór ekki fram fyrstu árin eins og til stóð og gerðu lögreglumenn ítrekað athugasemdir við það. Eftir mikinn þrýsting af þeirra hálfu framkvæmdi Hagstofa Íslands umrædda útreikninga árið 1988 að beiðni fjármálaráðherra. Samkomulagið hafði kveðið á um möguleika til endurskoðunar á útreikningum af hálfu Landssambands lögreglumanna en ekki var um slíkt að ræða í reynd. Landssambandið taldi því þegar hér var komið sögu að sammingsréttarákvæði kjarasamn-

ingsins frá 1986 væru brostin og óskaði meðal annars eftir því að lögreglumenn fengju aftur verkfallsrétt, en án árangurs.

Landssamband lögreglumanna hefur um langt skeið reynt að ná fram kjarabótum fyrir lögreglumenn með litlum árangri. Að þeirra mati hafa lögreglumenn dregist aftur úr þeim viðmiðunarstéttum sem miðað var við í fyrrgreindu samkomulagi sem fól í sér afnám verkfallsréttarins. Ein ástæða þess er án efa sú staðreynd að lögreglumenn geta ekki gripið til þess neyðarúrræðis sem verkfallsrétturinn er, til jafns við aðrar stéttir samfélagsins, náist ekki viðunandi niðurstaða í viðræðum um kjaramál. Lögreglan sinnir afar mikilvægum störfum tengdum öryggi lands og þjóðar. Sú sérstaða virðist með núverandi fyrirkomulagi vinna gegn stétt lögreglumanna hvað kjaramál varðar frekar en að stuðla að auknum réttindum vegna mikilvægis þeirra í samfélaginu. Eðli málsins samkvæmt yrði verkfallsréttur lögreglumanna háður þeim fyrirvara að ávallt þarf að halda uppi neyðar- og öryggisþjónustu. Hins vegar væri fjöldinn allur af störfum innan lögreglunnar sem eigi að síður væri hægt að leggja niður væri slíkt talið nauðsynlegt til stuðnings kröfum um kjarabætur. Landssamband lögreglumanna hefur á undanförunum árum lagt áherslu á verkfallsréttinn í kjarabaráttu og hafa ýmis lögreglufélög á landsvísu ályktað í þá veru.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að verkfallsréttur lögreglumanna verði endurreistur með breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, á þá leið að 31. gr. þeirra verði felld úr gildi.